


Ormarsá 1995

Tumi Tómasson

Hólum, desember 1995

VMST-N/95012



VEIÐIMÁLASTOFNUN
Norðurlandsdeild

Ormarsá 1995

Tumi Tómasson

Hólum, desember 1995

VMST-N/95012



Veiðimálastofnun
Norðurlandsdeild

Hólum í Hjaltadal
551 Sauðárkrökur
Sími: 453 6599
Fax: 453 6301

Ormarsá 1995

Inngangur

Dagana 10. og 11. ágúst 1995 var gerð athugun á útbreiðslu og árgangastyrkleika laxaseiða í Ormarsá, allt frá Arnarstaðavatni til óss. Þetta er í fimmta skipti sem seiðastofnar árinna hafa verið kannaðir með þessum hætti síðan 1986. Frá 1989 hafa þessar athuganir verið gerðar annað hvert ár. Niðurstöður athugananna og umfjöllun um þær er að finna í fyrri skýrslum Veiðimálastofnunar (Tumi Tómasson 1990, 1991 og 1993).

Athuganirnar hafa ávalt farið fram síðari hluta júlí mánaðar eða í fyrri hluta ágúst. Það getur þó verið mjög misjafnt hve vel á veg lífríki árinna er komið ná þessum tíma, en sumarið 1995 var mjög seint á ferðinni og þörungavöxtur og þróun botndýralífs því skemur á veg komin en oftast er um þetta leyti.

Veiðin 1995

Sumarið kom mjög seint, laxagöngur voru með seinna móti. Þó er þess einnig að gæta að lítið var reynt að veiða fyrr seinni hlutann í júlí, og með nýjum leigutaka komu nýir veiðimenn, ókunnugir ánni. Frá lokum júlí og út veiðitímanna var góð smálaxaveiði í ánni. Heildarlaxveiðin komst í 163 fiska, þar af voru 153 smálaxar, en einungis 10 stórlaxar (Tafla 1). Þetta er ótrúlega lítið af stórlöxum miðað við að 1994 veiddust í ánni 60 smálaxar, og í flestum norðlenskum ám batnaði hlutall stórlaxa í gönguseiðaárgangi til muna milli ára 1992 og 1993 (hér er miðað við árið sem seiði gengu til sjávar). Frá árinu 1974 hefur smálaxaveiði sex sinnum verið 60-70 laxar og fimm sinnum hefur stórlaxaveiðin ári síðar verið 40-70 laxar, eða allt þar til í sumar (sjá Töflu 1 og Töflu 3 í skýrslu frá 1990). Ekki er ósennilegt að það hve seint var farið að veiða í Ormarsá 1995 og ókunnugleiki veiðimanna séu helstu skýringarnar á því hve lítið veiddist af stórlaxi í sumar. Veiðin síðustu tvö árin var heldur undir meðalveiði, en á árunum 1974-1994 var meðalveiðin 192 laxar (Guðni Guðbergsson, 1995).

Þótt veiðin hafi verið undir meðallagi 1994 og 1995 var hún samt tiltölulega góð þessi tvö ár miðað við laxveiði í öðrum ám á Norðurlandi. Meðalveiði getur þó verið nokkuð misvísandi, því laxveiðin í Ormarsá 1981-84 var einungis 45-87 laxar, og frá árinu 1985 hefur veiðin haldist góð og er laxveiðin tvö síðustu árin sú lakasta í ellefu ár. Svo virðist því sem laxgengd hafi almennt farið batnandi síðasta áratuginn og er það í samræmi við þá þróun sem sést hefur í athugunum á laxaseiðastofni árinna, eins og vikið verður að síðar.

Fyrir utan lax veiddist einnig silungur í Ormarsá, aðallega nokkuð væn sjóbleikja. Tiltölulega litlar sveiflur virðast vera í silungsveiðinni, en bleikjuveiðin var best á árunum 1985-87, í kjölfar köldu árunna 1979-83 og hélst nokkuð góð til ársins 1990, en hefur síðan farið minnkandi á ný.

Aðferðir

Könnunin nú var með sama hætti og verið hefur. Gengið var frá Arnarstaðavatni og niður með ánni og rafveitt á þeim köflum árinna þar sem búsvæði fyrir laxaseiði eru góð, þ.e. botninn grýttur. Veitt var á svipuðum stöðum og áður og eru staðirnir merktir inn á kort þar sem jafnframt eru merktir inn þeir kaflar árinna sem henta vel til uppeldis laxaseiða. Nánari lýsingu á ánni og skilyrðum til uppeldis seiða er að finna í skýrslunni frá 1990.

Alls var rafveitt á 12 stöðum og var stærð hvers veiðisvæðis 300-600 m² og réðist mest af því hve mikið veiddist. Seiðin voru deyfð og þau síðan lengdarmæld. Sýni til aldursgreininga voru tekin úr sumum seiðum, en flestum var sleppt aftur í ána eftir að þau höfðu fengið að jafna sig eftir deyfinguna. Sjónlægt mat á var lagt á holdarfar seiðanna. Botndýralíf og botngróður voru könnuð lauslega.

Ekki fengust nein hreistursýni af veiddum löxum og er það miður. Með greiningu hreistursýna fást upplýsingar sem tengja niðurstöður úr seiðaathugunum laxgengd og veiði. Vel var staðið að tóku hreistursýna á árunum 1986-91, en síðan hafa sýni ekki borist. Gott væri ef skipulagðar sýnatökur gætu hafist á ný.

Niðurstöður

Tölulegar niðurstöður rafveiðanna eru teknar saman í Töflu 2 og á Myndum 2 og 3. Laxaseiði voru ríkjandi á öllum veiðistöðunum. Einungis fundust þrjú vorgömul laxaseiði, á stöðum 8, 11 og 12 (Myndir 1 og 2). Seiði á öðru ári (1+) voru ríkjandi á öllum rafveiðistöðunum utan tveimur og er ljóst að þessi árgangur er mjög stór. Tveggja ára seiði (2+) fundust hvergi í miklum mæli en þeirra varð þó víðast vart. Þriggja ára seiði voru mest áberandi framan til í ánni. Fjögurra ára seiða varð vart í nokkrum mæli um alla á og voru 12 cm og stærri seiði flest í göngubúningi.

Þótt langt væri liðið á sumar var ljóst að vorkoma í ánni var sein. Á sumum rafveiðistöðunum voru laxaseiðin fremur mjóslegin, einkum þó yngri seiðin, sem þurfa meiri vatnshita en þau eldri til að geta nýtt sér fæðuna í ánni. Þessi seiði hafa líklega nýlega verið farin að vaxa og bæta hold þegar rafveitt var.

Bleikjuseiði fundust um alla á nema á fremstu veiðistöðunum, en þau voru þó hvergi í miklu magni. Mest bar á 1+ árganginum og fóru seiðin stækkandi eftir því sem neðar dró í ánni. Urriðaseiði veiddust um miðbik árinna, einkum á stöðum 9 og 10, en öfugt við bleikjuseiðin fór meðalstærð urriða hvers árgangs minnkandi eftir því sem neðar dró.

Umræða

Árgangastyrkleiki laxaseiða er mjög misjafn frá ári til árs í Ormarsá og án efa fer styrkleiki hvers klakárgangs mjög eftir því hvernig árar. Sumarið 1993 var mjög kallt og er sá árgangur sem þá klaktist úr fremur faliðaður. Líkt og sjá mátti í rafveiðunum 1993 er kalkárgangurinn frá 1991 (1+ 1993, 3+ 1995) sterkastur fremst í ánni (staðir 3-7), en mun minna ber á honum neðar í ánni.

Sá árgangur sem nú er 4+ var ríkjandi í rafveiðunum 1993, þá sem 2+. Mjög líklegt er að sá árgangur hafi staðið undir nokkuð góðri gönguseiðaframléiðslu sumarið 1995, en seiðin gengu fremur seint til sjávar. Góð smálaxagengd eitt ár veit oftast á góða stórlaxagengd ári síðar, einkum í árum þegar smálaxinn er tiltölulega smár. Tiltölulega góð smálaxagengd sumarið 1995 ásamt líkum á góðri gönguseiðaframléiðslu 1995 gefur vonir um góða laxgengd sumarið 1996.

Gera má ráð fyrir að gönguseiðaframléiðsla 1996 geti orðið nokkuð góð, en síðan mun nær örugglega draga úr henni aftur. Hve lengi það verður fer mikið eftir því hvernig klakárgangurinn frá 1994 (1+ 1995) dafnar. Seiði af þessum árgangi voru óvenju smá sumarið 1995, en þar sem næsti árgangur á undan og líklega einnig klakárgangurinn 1995, eru fremur litlir má ætla að þessi seiði nái sér vel á strik. Verði tíðarfar hagstætt gætu þau náð sjóþroska á árunum 1998 og 1999. Ekki er að sjá að staða bleiku í ánni hafi styrkst á kostnað laxins í köldu árferði 1992-1995.

Þrátt fyrir mjög kallt árferði 1993 og tiltölulega sein sumur og köld vor 1992, 1994 og 1995 hefur laxveiðin haldist nokkuð góð þegar litið er til veiðinnar síðustu tvo áratugina. Það að hún skildi ekki dala meira 1994 og 1995 en raun ber vitni má líklega að mestu rekja til þess að laxinn er nú búinn að ná öruggri fótfestu í efri hluta árinna. Á þessum hluta er að finna um helming kjöruppeldissvæðis laxaseiða í ánni allri. Áin er einnig tiltölulega frjósöm og hlý fyrir neðan vatnið og því eru afkomumöguleikar laxaseiða þar jafnvel betri en í neðri hluta árinna þar sem kaldavermsl hafa mikil áhrif á hitafar í ánni.

Fremri hluti árinna var á sínum tíma ræktaður upp með seiðasleppingum, en ekki er ástæða til að sleppa seiðum í ána eins og málum er nú háttað. Þó er sjálfsagt að fylgjast áfram með dreifingu og árgangastyrkleika laxaseiða í ánni.

Mér finnst ólíklegt annað en að lax fari, a.m.k. í sumum árum, fram í á snemma á veiðitímabilinu. Sé svo er hann þar með kominn út úr veiðinni og ekki er ólíklegt að þetta kunni að vera skýringin á minni stórlaxaveiði sumarið 1995 en gera hefði mátt ráð fyrir. Þó var þetta reyndar kannað lítillega s.l. sumar, en þá varð ekki vart við lax framan til í ánni, en þessi möguleiki getur vart talist full kannaður. Víst er að hrygning í framánni hefur verið árviss og útbreidd hin síðari ár. Sé það svo að lax gangi fram í á og út úr veiðinni á veiðitímanum gæti borgað sig að hefta för laxa fram ána með því að setja í hana grindur, t.d. skammt fyrir framan heiðargirðinguna. Þetta er mál sem veiðifélagið ætti að skoða með leigutaka árinna. Svo virðist sem árgangastyrkleiki laxaseiða ráðist fyrst og fremst af tíðarfari og mér þykir ólíklegt að aukið veiðialag hefði mikil áhrif þar á.

Heimildir

Guðni Guðbergsson, 1995. Laxveiðin 1994. Skýrsla Veiðimálastofnunar VMST-R/95008.

Tumi Tómasson, 1990. Ormarsá á Sléttu 1986 og 1989. Skýrsla Veiðimálastofnunar VMST-N/9007X.

Tumi Tómasson, 1991. Ormarsá á Sléttu 1991. Skýrsla Veiðimálastofnunar VMST-N/91009.


Tumi Tómasson, 1993. Ormarsá 1993. Skýrsla Veiðimálastofnunar VMST-N/93013.

Tafla 1. Skráð stangaveiði í Ormarsá 1990-1995 (samkvæmt skýrslum Veiðimálastofnunar eftir Guðna Guðbergsson og fleiri)


| Ár | Laxveiði | | | Bleikja | Urriði |
|------|----------|---------|---------|---------|--------|
| | Smálax | Stórlax | Samtals | | |
| 1995 | 153 | 10 | 163 | 103 | 25 |
| 1994 | 60 | 109 | 169 | 126 | 42 |
| 1993 | 157 | 209 | 366 | 131 | 15 |
| 1992 | 280 | 55 | 335 | 127 | 28 |
| 1991 | 114 | 42 | 156 | 175 | 31 |
| 1990 | 64 | 123 | 187 | 181 | 20 |

Tafla 2. Fjöldi veiddra seiða í rafveiðum í Ormarsá 10-11/8 1995.



| Staður | Stærð m ² | Fjöldi veiddra seiða á hverja 100 m ² | | | | | | |
|--------|-------------------------|--|------|-----|-----|-----|----------------|-----|
| | | lax | | | | | bleikja urriði | |
| | | 0+ | 1+ | 2+ | 3+ | 4+ | | |
| 3 | 30x10 | - | 3.0 | 0.7 | 3.0 | - | - | - |
| 4 | 30x12 | - | 3.9 | 1.9 | 3.3 | - | - | - |
| 5 | 40x15 | - | - | 0.2 | 1.5 | 1.3 | 0.2 | - |
| 6 | 50x10 | - | 2.6 | 0.4 | 1.4 | 0.4 | 0.6 | - |
| 7 | 40x12 | - | 3.1 | 0.6 | 2.7 | 0.4 | - | 0.4 |
| 8 | 50x12 | 0.2 | 4.3 | - | 0.7 | 1.3 | 0.2 | - |
| 9 | 70x7 | - | 2.0 | 2.9 | - | 1.4 | 1.2 | 2.4 |
| 10 | 45x10 | - | 4.2 | 0.9 | - | 2.0 | 0.4 | 4.0 |
| 11 | 60x9 | 0.2 | 9.3 | 0.7 | 0.4 | 0.9 | 2.0 | 0.2 |
| 12 | 40x12 | 0.2 | 5.6 | 1.0 | 1.7 | 1.5 | 0.2 | - |
| 13 | 60x10 | - | 7.0 | 0.8 | 0.3 | 0.2 | 2.2 | - |
| 14 | 35x10 | - | 16.6 | 2.0 | 0.3 | - | 0.3 | - |



Mynd 1. Yfirlitskort af Ormarsá. Rafveiðistaðir 10-11 ágúst 1995 eru merktir inn á kortið, sem og þeir kaflar árinna sem bjóða upp á best uppeldisskilyrði fyrir laxaseiði.



Mynd 2. Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í rafveiðum í Ormarsá 10.-11. ágúst 1995.



Mynd 3. Lengdar- og aldursdreifing veiddra bleikju- og urriðaseiða í rafveiðum í Ormarsá 10.-11. ágúst 1995.